

Nd.

496. Frumvarp

til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landsbankinn heldur áfram að greiða vexti af allri lánsupphæðinni, tveim miljónum króna, og rennur sá hluti vaxtanna í landssjóð, sem ekki gengur til lánveitanda, og vextirnir allir, þegar lánið er endurgreitt að fullu. Þó skulu vextir til landssjóðs ekki nema meiru en 4⁰/_o.